



Ávarp forseta Íslands

Æskufólki er á okkar tímum búin fjölþættari tækifæri en áður þekktust, bæði til menntunar og þroska en líka til að njóta lífsins, kynnast menningu og siðum um veröld víða. Hin nýja heimsmynd hefur vissulega marga jákvæða drætti en í henni leynast einnig margvíslegar hættur sem voru okkur að mestu ókunnar fyrrum. Eiturlyf og vímuefni hafa breiðst um lönd og álfur og okkar litla þjóð þarf nú að glíma við vandamál sem reynast okkur í senn erfið og framandi.

Á undanförnum árum hafa sífellt fleiri ungmenni orðið fórnarlömb eiturlyfjafiknar og þörfin fyrir meðferð og lækningu er nú brýnni en nokkru sinni. Við höfum reynt að læra af reynslunni og beita fjölþættum úrræðum til að leiða ungmennin á réttar brautir, losa þau úr helfjötrum fíkniefna og vekja á ný með þeim trú á lífið.

Með langtímameðferð á góðum heimilum hefur tekist að ná frábærum árangri í erfiðri baráttu og mikilvægt er að geta haldið áfram á þessari braut.

Heimilið að Hvítárbakka í Borgarfirði hefur veitt ungmennum tækifæri til að ná heilsu á ný og öðlast öryggi og sjálfstraust sem gerir þeim kleift að verða á heilbrigðan hátt þátttakendur í daglegu lífi. Heimilið hefur einnig orðið reynslusjóður sem dugar vel í mati á því hvað helst ber að gera.

Ég færi öllu heimilisfólki á Hvítárbakka einlægar þakkir fyrir ötult starf og vona að gæfa og gleði fylgi heimilinu í framtíðinni.

(undirskrift)